

Sjónlistir 5-7. Bekkur.

Kennari: Ásrún Aðalsteinsdóttir

Kennsluaðferðir: Hlutverk list- og verkgreinakennarans í hverri grein er að styðja nemandann við að þróa hugmyndir sínar, kenna honum verklag við hæfi, þjálfa hann í skapandi, greinandi og túlkandi vinnubrögðum og hjálpa þeim að raungera hugmyndir sínar, bæði í einstaklingsog hópverkefnum. Er það forsenda þess að nemendur geti fundið styrk sinn, tekið frumkvæði og þróað eigin útfærslur í vinnu með auknum þroska og aldri.

Kennsluáætlanir eru aðgengilegar á mentor.

Námsmat: leiðsagnarmat, kannanir, sjálfsmat og jafningjamat eru leiðarljósín í námsmati í kennsluáætlunum og eftirfylgni í næstu kennsluáætlun. Markmið eru metin í mentor og birtast á hæfnikortum nemenda í lok hverrar lotu og svo samantekt í lok skólaárs.

Markmið: Hér fyrir neðan eru hæfnimarkmið Aðalnámsskrár við lok 7. bekkjar og svo bekkjarmarkmið þar sem unnið er að þeim markmiðum sem nemandi á að ná í lok 7. bekkjar.

	5-7. Bekkur	
	<p>Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta:</p> <ul style="list-style-type: none">• notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun,• nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun,• tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu,• unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk,• byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu,• beitt hugtökum og heitum sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni,• fjallað um eigin verk og verk annarra í virku samtali við aðra nemendur,• gert grein fyrir og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð,• greint, borið saman og metið aðferðir við gerð margskonar listaverka,• greint og fjallað um áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu,	

	<ul style="list-style-type: none"> • gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar. 	
Hæfniviðmið.	<p>Þegar nemendur skapa sjónræn verk vinna þeir ýmist út frá eigin rannsóknum og greiningu eða með virkjun ímyndunarafþsins þar sem þeir tengja við fyrri reynslu, menningu og umhverfi. Í umræðum um myndlist skapast tækifæri til að þjálfa orðaforða myndlistar, samkennd og umburðarlyndi í tengslum við gagnrýna umræðu um upplifun nemenda á völdum listaverkum og eigin verkum. Með því að tengja við eigin reynslu þjálfast nemendur í læsi á eigið umhverfi. Þessum tengslum er lýst myndrænt hér til hliðar.</p>	